


Blár litur er nánast alltaf í augsýn, hvort sem um er að ræða bláa ljósið sem stafar af símaskjánum, indigóbláar gallabuxur eða þegar horft er upp í heiðbláan himininn, á blá firmamerki eða á hafið.

Blái liturinn er í eðli sínu margslunginn og þverstæðukenndur, og eins og önnur fyrirbæri búin til af mannum þá er hann þegar öllu er á botninn hvolft ekkert annað en það: tilbúið fyrirbæri.



Í verkinu *Bláþræðir* eru merkingar og birtingarmyndir bláa litarins í menningu og orðræðu greindar með því að taka fyrir fjögur litarefni; „Egyptian blue“, *tekhelet*, *lapis lazuli* og *indigo*, sem hafa öll haft mikil áhrif á þróun bláa litarins, notkun hans og merkingar sem bendlaðar hafa verið við hann. Tekin eru dæmi um þverstæðukenndar huglægar merkingar litarins, hvaðan má rekja uppruna þeirra og hvernig þær birtast í nútímanum. Í blálökin er merking bláa litarins í grafískri hönnun greind út frá dæmum, þá aðallega hvernig notkun hans birtist í firmamerkjum.